



28. stjórnarfundur LH

28. sept 2020 kl. 18.00

Fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson, Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson, og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Gestur fundarins: Ólafur F. Haraldsson formaður laganefndar LH og Hjörny Snorradóttir verkefnastjóri.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

- Endurskoðun laga og reglna LH – formaður laganefndar Ólafur F. Haraldsson**
Vinna laganefndar við að samræma lög og reglur LH við reglur FEIF er komin vel á veg. Nokkur vinna er eftir við uppsetningu og samlestur. Ólafur leggur til að breytingarnar og staða vinnunnar verði kynntar á landsþingi.
Afgreiðsla: Samþykkt að setja á dagskrá landsþings 2020 til kynningar.

Ólafur Haraldsson vikur af fundi.
- Samþykkt fundargerðar 27. fundar**
- Framkvæmd landsþings í ljósi Covid19**
Teiknaðir hafa verið upp nokkrir möguleikar á útfærslu landsþings í ljósi sóttvarnarráðstafana. Lagt er til að farin verði sú leið að fresta þingi til 27.-28. nóvember í þeirri von að hægt verði að kalla þingfulltrúa saman. Gefið verði út tveimur vikum fyrir þing hvort það verði rafrænt. Kanna þarf hvort frestir til að leggja fram tillögur og frestur til framboðs framlengist um sama tíma.
Afgreiðsla: Samþykkt, farið verði að ráðleggingum laganefnda ÍSÍ og LH til að tryggja lögmæti þingsins.
- Tillögur fyrir landsþing**
Lagt fram yfirlit yfir tillögur sem hafa borist.
- Landsmót 2026**
Stjórn LM ehf. hefur fundað með umsækjendum og telur alla umsækjendur vel til þess færa að halda Landsmót. Lagt er til að Landmót 2026 verði á Hólum í Hjaltadal og gengið til samninga við Hestamannafélagið Skagfirðing á grunni samninga um landsmót 2018, 2022 og 2024.
Afgreiðsla: Samþykkt.
- Norðurlandamót 2022**
Norðurlandamótið verður haldið í Talli Metz í Finnlandi aðra helgina í ágúst 2022. Finnar hafa sýnt fram á að svæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til Norðurlandamóta.



7. Framkvæmd skeiðkappreiða
Stjórn hafa borist óformlegar athugasemdir um framkvæmd skeiðkappreiðna á Metamóti Spretts. Mótshaldarar þurfa að vera upplýstir um hvernig staðið skuli að skeiðkappreiðum svo löglegt sé. Til dæmis má sama þar ekki keppa í bæði 150m. skeiði og 250 m. skeiði og yfirdómari í kappreiðum skal vera íþróttadómari.
Afgreiðsla: Samþykkt að keppnisnefnd verði falið að taka saman gátlista um hvernig framkvæmd skeiðkappreiða skuli vera. Send verði fyrirspurn til mótanefndar Spretts um hvort að fyrirhugað hafi verið að kappreiðahluti mótsins teljist sem löglegt mót. Senda fyrirspurn á keppnisnefnd hvort talið sé að framkvæmd mótsins hafi verið lögleg. Stjórn telur að skerpa þurfi á reglum um ræsingu úr startbásun í regluverki FEIF.
9. Samningur um Skógarhóla
Fyrir liggja drög að nýjum leigusamningi Þingvallanefndar og LH um Skógarhóla, samningurinn er til 10 ára. Gerðar voru athugasemdir við samningsdrögin sem Þingvallanefnd tekur til athugunar.
10. Heiðursviðurkenning LH / Gullmerki LH.
Umræður urðu um viðurkenningar LH. Samþykkt að veita einum aðila heiðursviðurkenningu.
11. Tilnefning í nefnd til viðræðna við FEIF um gæðingakeppni
Nefndin mun hefja viðræður við FEIF um gæðingakeppni. Niðurstöður nefndarinnar verða lagaðar fyrir landsþing 2022. LH tilnefnir í nefndina Ágúst Hafsteinsson og Oddrúnu Ýr Sigurðardóttur.
12. Önnur mál
 - a. Fyrirtækið Tryggja býður upp á víðtækan barnatryggingapakka. Af hverju seldu váttryggingaskírteini fær hvert íþróttafélag 1000 kr.
 - b. Boðað hefur verið til fundar með formönnum sérsambanda og formanni ÍSÍ þann 1. okt. þar sem er til umræðu staða sérsambanda og áskoranir næstu vikna og mánuða.

Fundi slitið um kl. 20.15